

Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs  
annars vegar  
og  
BHM – fyrir hönd aðildarfélaga sinna  
hins vegar  
gera með sér svofellt  
**SAMKOMULAG**  
um breytingar á kjarasamningum aðila

Allir kjarasamningar aðildarfélaga BHM við fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs frá 6. júní 2011 kveða á um endurskoðun í ljósi endurskoðunar samninga á almennum vinnumarkaði í janúar 2013. Aðilar almenna vinnumarkaðarins urði ásáttir um breytingar á sínum samningum 21. janúar sl. og aðilar þessa samnings eru sammála um að gera eftirfarandi breytingar á sínum samningum.

**a) Grein 1 í samkomulagi frá 6. júní 2011 verði svohljóðandi:**

*Gildandi kjarasamningar aðila framlengjast frá 1. maí 2011 til 31. janúar 2014 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.*

**b) Grein 3 í sama samkomulagi verði svohljóðandi**

*Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir (sjá einnig fylgiskjal 1):*

<i>1.6.2011:</i>	<i>4,25%</i>
<i>1.3.2012:</i>	<i>3,50%</i>
<i>1.3.2013:</i>	<i>3,25%</i>
<i>1.1.2014:</i>	<i>Eingreiðsla 38.000 kr. miðað við þá sem eru í fullu starfi í nóvember 2013. Þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað hluta úr mánuði skulu fá hlutfallslega greiðslu.</i>

Við næstu samningsgerð verði sú útfærsla 0,1% iðgjalds til mennta- og fræðslusjóða, sem aðilar hins almenna vinnumarkaðar hafa náð niðurstöðu um metin sjálfstætt og þá ákveðið hvernig sambærileg niðurstaða verði útfærð gagnvart aðildarfélögum BHM.

Þess utan eru aðilar sammála um að vinna áfram með öðrum aðilum vinnumarkaðarins að bættum vinnubrögðum við samningsgerð.

Aðilar eru sammála um að eftirfarandi breytingar verði á bókun 1; starfshópur skili álit í lok mars 2013 í stað 2012 og fyrir liggi tillaga um framkvæmdaáætlun og fyrstu aðgerðir 15. maí 2013.

Einnig er gagnkvæmur vilji til að ljúka frágangi bókana með síðasta samkomulagi, fyrir upphaf næstu kjarasamningsviðræðna.

Reykjavík, 11. febrúar 2013

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra



f.h. aðildarfélaga BHM

